

Fundargerð Gammadeildarmánudaginn 19. janúar kl. 18:00 – 20:30

á heimili Ragnhildar Gammasystrur að Brúnavegi 8, Reykjavík

23 Gammakonur mættu:

Anh Dao Tran, Árný, Björg, Bryndís, Gerður, Guðný, Helga, Hrefna, Ingibjörg Einarsdóttir, Jóhanna, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jóns skrifstofustjóri, Kristjana, Kristrún, Margrét, María, Pálína, Ragnhildur, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður, Stefanía, Svana og Vilborg.

Björg formaður hóf fund. Helga las fundargerð og var hún samþykkt athugasemdalaust. Ragnhildur greindi lítillega frá sínum rekstri. Boðið var upp á léttan kvöldverð, skínandi bragðgóða máltíð.

Umræðuefni kvöldsins voru Jafnréttislögin. Árný Elíasdóttir flutti greinargott innlegg, fór yfir mikilvægustu atriðin og helstu breytingar. Nýju lögin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru samþykkt á Alþingi í febrúar 2008. Jafnréttislög hafa verið í landinu í rúm 30 ár, en helstu nýjungar í þessum lögum eru:

1. Launaleynd er aflétt
2. Ekki er nóg fyrir fyrirtæki og stofnanir með 25 manns eða fleiri að vera með jafnréttisstefnu heldur þarf að sýna fram á framkvæmdaáætlun
3. Dagestíur, 50 þús. hvern dag ef ekki er skilað framkvæmdaáætlun til Jafnréttisstofu innan ákveðins frests
4. Ný skilgreining á launahugtakinu (bein og óbein laun)
5. Úrskurður kæruneftar jafnréttismála bindandi
6. Þátttaka ríkisins í málskostnaði ef mál vinnst.

Öll ofangreind atriði áleit Árný að væru til mikilla bóta.

Fundarkonum var skipt í 4 umræðuhópa sem höfðu það hlutverk að svara hver um sig einni spurningu. Miklar og líflegar umræður urðu í öllum hópum

Hópur 1 Spurningin: Hvernig tryggjum við jafnrétti á uppbyggingu til framtíðar?

1. Jafnréttismál eru ofarlega á baugi og skiptir miklu máli hvernig á þeim er haldið og hverjir beita sér. Sem dæmi um breytingar í störfum var nefnt að margar konur eru nú í röðum lækna og presta.
2. Ungar konur hafa mikið um það að segja hvert stefnir í jafnréttisátt villur sums staðar á ferðinni.
3. Foreldrajafnvægi – fjölskyldufræðsla – viðhorf - barnsburðarleyfi karla, allt mikilvæg atriði.
4. Kvenleg gildi mega aðeins víkja í heimilishaldi - konur þurfa að gefa eftir.
5. Hjálpar ef að kynjaskipting væri jafnari innan skólanna

Hópur 2 Spurningin: Hver eru brýnustu verkefnin í jafnréttisbaráttunni?

1. Að hafa kynningarátak á meginatriðum laganna
2. Að fylgja því eftir að fyrirtæki og stofnanir hafi framkvæmdaráætlanir í jafnréttismálum.
3. Að kynjakvóti verði í stjórnnum, ráðum og yfirmannastöðum
4. Að setja fé í eftirlit með jafnréttislögum
5. Að Jafnréttisskóli fyrir stjórnendur verði starfræktur

Hópur 3 Spurningin: Hver eru brýnustu verkefnin í jafnréttisbaráttunni í skólastarfi?

1. Að efla jafnréttisfræðsluna
2. Að auka sjálfstraust nemenda
3. Að efla fjölbreytta kennsluhætti, verkefni við hæfi nemenda
4. Að markviss jafnréttisfræðsla sé á öllum skólastigum

Hópur 4 Spurningin: Hvernig hafa bókmenntir, sem konur skrifa, áhrif í jafnréttisbaráttunni?

1. Kvenrithöfundar sem taka afstöðu í jafnréttisbaráttunni hafa áhrif í samfélaginu eru fyrirmyndir, konur samsama sig með sterkum konum, þær studdu við útrás kvenna af heimilunum, juku samstöðu, konur gerðu sér grein fyrir afli samstöðunnar, eflðu sjálfstraust kvenna og vitund um stöðu sína
2. Ritverk Svövu Jakobs höfðu áhrif á umræðuna, vöktu mikla athygli m.a. á kvenfrelsi og sterku myndmáli. Hvað er í blýhólknum er merkileg bók í þessu samhengi.
3. Ragnheiður Jóns benti á að konur fengju tækifæri á að njóta sín í lífinu og mennta sig.
4. Ásta Sigurðardóttir fjallar um hvernig konur voru fordæmdar af samfélaginu.
5. Kristín Marja Baldursdóttir hefur haft áhrif t.d. með bókinni Karitas

Fundarritari

Helga G Halldórsdóttir